

Dags. 25. mars 2017

Hér að neðan eru settar fram tillögur til frekari umræðu um aðgerðir og kostnað við að bæta hlut kvenna í kvikmyndageirinni. Litið er til nýlegs Samkomulags um stefnumörkun um íslenska kvikmyndagerð árin 2016 til 2019 sem undirritað var milli stjórnvalda og félaga í kvikmyndagerð 27. október 2016.

Áhersla er lögð á þau atriði sem eru til þess fallin að styrkja hlut kvenna. Tölur eru grófar útlínur en eru að mínu mati hófsamar.

Styrkir KMÍ voru síðast hækkaðir árið 2013 í kjölfar ítarlegrar kostnaðargreiningar. Þegar finna á rök fyrir hækkunum frá þeim tíma eru nokkrar vísitölur sem má styðjast við: launavísitala hefur hækkað um 34,8% frá þeim tíma en mestur hluti framleiðslukostnaðar eru laun. Frá árinu 2013 hafa listamannalaun hækkað um 22.8%. Við miðum við þá prósentu og þar með lægri mörkin í tillögunum hér að neðan. Einnig gerum við ráð fyrir að verkefni þar sem kona er leikstjóri, handritshöfundur eða framleiðandi fái 20% aukalega í styrk.

Þróun og framleiðsla kvikmynda tekur langan tíma og þess vegna er æskilegt að tilraun um að veittir verði sérstakir styrkir til kvenna standi yfir í a.m.k. þrjú til fjögur ár og árangur metinn að þeim tíma liðnum.

Í 2 gr. 1 samkomulagsins segir m.a.:

„.....og auka hlutfall framleiðslustyrks úr Kvikmyndasjóði af heildarframleiðslukostnaði einstakra verkefna.“

Hér er reiknað með að hækka „fullan“ framleiðslustyrk ásamt þróunarstyrk til leikinna mynda úr 90m í kr. 120 m. Gert er ráð fyrir þremur myndum á ári sem er lágmark til að viðhalda dínámísku starfi og þekkingu innan greinarinnar.

Kr. 50 m til viðbótar verði veittar fyrir leikna barnamynd á íslensku.

Fyrir „kvenverkefni“ myndi hver styrkur hækka um 20% og verða 144 milljónir.

Miðað við jafna styrki til karla og kvenna væru þetta kr.396 milljónir (án aukastyrks til barnamyndar)

Tveir samframleiðslustyrkir þar sem íslenskir framleiðendur eru í minnihluta, andvirði 350 þús. evra: samtals kr. 40 m. (spurning hvort sérstakir styrkir til kvenna eigi við hér).

Sömu hlutföll ættu við um heimildamyndir og leikið sjónvarpsefni.

2.gr.5:

„.....að styðja sérstaklega við konur og karla sem eru að stíga sín fyrstu skref í kvikmyndagerð“.

Fjármögnuð verði a.m.k. ein mynd á ári sem fyrsta mynd leikstjóra eða tilraunakenndari mynd reynds leikstjóra, einföld að gerð. Árið 2013 var viðmiðið kr. 70m, miðað við hækkun á tímabilinu myndu það verða kr. 86,1 m. Fyrir verkefni með sérstakan „kvennastyrk“ fer það í 103,3 milljónir.

Einn eftirvinnslustyrkur miðast við 64.5% vísitöluhækkun frá 2007, en þá var talan kr. 15 m sett inni reglugerð. Hefur ekki hækkað síðan. Reiknað með kr. 25 m.¹ (Spurning hvort kvennaálag eigi við hér).

Sex stuttmyndir; styrkfjárhæð kr. 6-8 m hver. Fyrir „kvenverkefni“ kr. 7.2 – 9.6 milljónir hver.

Miðað við þrjár dýrari og þrjár ódýrari – og jafna styrki til karla og kvenna væru þetta 46.2 milljónir.

2. gr.3:

„Sett er það markmið að efla aðrar greinar kvikmyndagerðar s.s. gerð heimildamynda, stuttmynda og leikinna sjónvarpsmynda.“

Hæstu styrkir í heimildamyndum eru um kr.15 m og miðlungsstyrkir um 10 m. Myndu hækka í kr.18,5 m og 12,3 milljónir. Fyrir „kvennaverkefni“ myndu styrkirnir verða kr. 22 m og 15 milljónir. Miðað við 5 miðlungsstyrki og 5 hærri styrki – og jafna styrki til karla og kvenna væru þetta 169,4 milljónir

Hæstu framleiðslustyrkir til leikins sjónvarpsefnis hingað til eru kr. 80 m. Slíkir styrkir myndu hækka í 98,4 milljónir. Miðlungsstyrkir eru um 50 milljónir - myndu hækka í 61,5 milljónir. Fyrir kvenverkefni myndu styrkirnir verða kr. 118 m og kr. 73,8 milljónir. Miðað við jafna styrki til kvenna og karla verða það 175,9 milljónir.

(sjá tölur um stuttmyndir hér að ofan).

Gr. 2.4:

Í því skyni verði veittir tímabundnir sérstakir handrita-, þróunar- og framleiðslustyrkir til kvenna.

Handritsstyrkir hækka. Hæstu styrkir til margreyndra handritshöfunda og teymis taki mið af listamannalaunum í eitt ár og verði kr. 4.5 m fyrir fullan handritsstyrk per verkefni. Fyrir kvenkyns handritshöfunda kr. 5.4m.

Aðrir „fullir“ handritsstyrkir myndu hækka úr 1.8 milljónum í 2.2 milljónir og miðast við 6 mánaða listamannalaun. Fyrir kvenkynshandritshöfunda yrði það 2.6 milljónir.

Fyrir leiknar myndir í fullri lengd og leikið sjónvarpsefni má gera ráð fyrir 25 fullum handrita styrkjum á ári – þar af 6 fyrir margreynda höfunda og 19 „venjulega“ styrki. Miðað við jafna styrki til karl- og kvenhandritshöfunda væru þetta 75.7 milljónir.

Fyrir handritsstyrki í heimildamyndum myndi lægri þrepið hækka í 600 þús. og efra þrepið í 1.2 milljónir. Fyrir kvenkynshandritshöfunda yrði þetta kr. 720 þús og kr.1.4 m.

Miðað við 10 styrki í lægra þrepi og 10 í herra – og jafnt til karla og kvenna gerir það kr.19.6m.

Samantekt styrkja úr Kvikmyndasjóði samkvæmt ofangreindu:

Framleiðslustyrkur kvikmynda og jafnt styrkhlutfall milli kynja (3 á ári): 396 m

Fyrsta mynd leikstjóra/tilraunamynd: 96,1 milljónir eða 103,3 milljónir

Eftirvinnslustyrkur: 25 milljónir

Samframleiðslustyrkir (2 á ári): 40 milljónir

Stuttmyndir (3 lægri og 3 hærri styrkir) : 46,2 milljónir

Framleiðslustyrkir leikið sjónvarpsefni (1 lægri og 1 hærri styrkur): 175,9 milljónir

Heimildamyndir (5 lægri og 5 hærri styrkir): 169,4 milljónir

Handritsstyrkir í öllum flokkum myndu verða (miðað við forsendur gefnar að ofan): 95,3 milljónir

Samtals kr. 1.051,1 milljónir í framleiðslu- og handritsstyrki

(miðað við að fyrsta mynd eða tilraunamynd er með konu í lykilstöðu og enga barnamynd).

4. gr.1

„...og stuðla að auknu samstarfi við innlenda og erlenda aðila á sviði kvikmyndamála“.

Ljóst að það þarf að huga að mörgum þáttum til að auka hlut kvenna í kvikmyndagerð. M.a. er brýnt að efla alþjóðlegt tengslanet þeirra því veigamikill þáttur í fjármögnun og gerð kvikmynda byggir á samstarfi við erlenda aðila. KMÍ hefur mjög takmarkaða fjármuni í rekstur en hefur reynt að forgangsraða í þágu kvenna. Þarf að stórauka kynningarstyrki til fylgja eftir kvikmyndum sem valdar eru inná hátíðir eða til dreifingar, þáttöku í erlendum málstofum, fjármögnunarmessum og ritbúðum. Hér er reiknað með kr. 20 m á ári.

Einnig æskilegt að standa fyrir vinnu/þjálfunar námskeiðum ætluðum konum hér heima; tveimur árlega. Kostnaður ca. kr. 8-10 m

Hvatningarátak og kynna jákvæðar fyrirmyndir í grunn- og framhaldsskólum. Kostnaður óljós en ekki er efast um áhuga kvenna í greininni til að koma að slíku starfi.

4. gr.1

„Stuðningi við kvikmyndahátíðir og þá sem sýna listrænar kvikmyndir verður haldið áfram.“

Þessi liður er óljós í rekstrarheimild KMÍ og um 20 % minna til skiptanna en undanfarin ár. Hátíðir og kvikmyndahús með áherslu á fjölbreytta kvikmyndalist auk skólasýninga er kjörinn vettvangur tengslamyndunar áhugafólks og fagmanna.

2. gr.2

„Jafnframt er sett það markmið að jafna hlut kynjanna í öðrum listrænum stöðum í kvikmyndagerð, svo sem stjórn kvikmyndatöku, búningahöfunda, leikmyndahönnuða, tónskálda, hljóðhönnuða og klippara. Kvikmyndamiðstöð skal vinna að gerð matskerfis á grundvelli þessa á samningstímanum í samráði við Kvikmyndaráð.“

KMÍ hefur þegar sett listrænar lykilstöður í umsóknargögn og gert er ráð fyrir samanburðar „uppgjöri“ á áætlun og raun þegar verkefni er lokið og lokagreiðsla fer fram. Kvikmyndaráðgjafar taka sérstakt tillit til þeirra við mat verkefna og tilgreina í umsögnum um einstök verkefni.

Jafnframt er athygli umsækjenda vakin á Bechtelprófi varðandi inntak mynda.

¹ Listamannalaun úthlutuð í janúar 2013 voru 301.857 kr. og höfðu hækkað í 370.656 í janúar 2017 – eða um 22.8%. Menntamálaráðuneytið, *Tilkynning frá stjórn listamannalaun 21. janúar 2013*, [https://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/Listamannalaun_2013-\(2\).pdf](https://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/Listamannalaun_2013-(2).pdf) og Rannís, *úthlutun listamannalaun 2017*, <https://www.rannis.is/frettir/uthlutun-listamannalauna-2017>

ⁱ Hagstofa Íslands, *vísitala neysluverðs frá janúar 2007 til desember 2016*.
<https://hagstofa.is/talnaefni/efnahagur/verdlag/visitala-neysluverds/>

Hagstofa Íslands, *vísitala launa*: var 439,2 í jan 2013 - 592,2 í desember 2016. Hækkun um 34,8%. http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__launogtekjur__1_launavisitala__1_launavisitala/VIS04000.px/